

Aðalfundur Golfklúbbs Hveragerðis fyrir starfsárið 2023.

Formaður GHG, Vignir Demusson, setti fundinn og bar upp tillögu um Kristinn Kristjánsson sem fundarstjóra og Þórhall Einisson sem ritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Því næst fór formaður yfir störf stjórnar starfsárið 2023.

Sveinn Ingvasson fór næst yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Tekjur félagsins voru yfir áætlun sem skýrist aðallega af aukinni vörusölu, auknum tekjum af þjónustusamningi og meiri tekjum af félagsgjöldum en gert var ráð fyrir. Rekstrargjöld voru talsvert undir áætlunum sem skýrist af helst af minni launakostnaði en gert var ráð fyrir auk minni rekstrarkostnaðar á öðrum sviðum. Efnahagsreikningurinn stækkar um 8 milljónir milli ára sem skýrist aðallega af auknum vélakosti félagsins. Hagnaður ársins var tæpar 8 milljónir.

Ársreikningur borin undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

Sveinn Ingvason lagði fram tillögu stjórnar um félagsgjöld félagsins fyrir árið 2024 og var það samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var kynnt af Sveini Ingvasyni og borin undir atkvæði. Áætlunin tekur mið af verðlagsþróun og kom m.a. fram að gert er ráð fyrir litlum breytingum á rekstri frá fyrra ári. Fjárfestingar félagsins eru áætlaðar 23,5 milljónir.

Fundarstjóri bar næst fjárhagsáætlun undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir fundinn.

Næst var gengið til kosninga, 5 aðilar eru í framboði

Kolbrún, Óli og Sveinn eru í endurkjöri, Kolbrún gefur ekki kost á sér eftir 2ja ára setu í stjórn.

Sveinn Ingvason, Ólafur Ragnarsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Anna Laufey Sigurðardóttir eru í kjöri til stjórnar.

Kjörstjórn skipuðu Rakel og Ásgeir. Gengið var til kosninga og þegar atkvæði höfðu verið talin. 46 atkvæði,

Anna Laufey Sigurðardóttir 18

Anna Pála Víglundsdóttir 25

Ólafur Ragnarsson 31

Rannveig Einarsdóttir 19

Sveinn Ingvason 42

Næst var kosið um varamenn félagsins. Í framboði eru Hjörtur Árnason, Guðmundur Erlingsson, Arnar Geir Helgason, Anna Laufey Sigurðardóttir og Rannveig Einarsdóttir.

Kosning fór svo fram:

Anna Laufey 20

Arnar Geir 36

Guðmundur Erlingsson 19

Hjörtur 30

Rannveig 21

Gerð var tillaga að Gísli Páll Pálsson og Sigurður Egilsson verði skoðunarmenn félagsins og Eyvindur Bjarnason til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Viðurkenningar voru veittar til félagsmanna. Arnar Geir Helgasyni var veittur háttvísibikar GHG og einnig færði formaður Auðunni Guðjónssyni viðurkenningu vegna góðrar þjónustu við klúbbinn undanfarin ár. Kolbrúnu Bjarnadóttur var kærlega þakkað fyrir samstarfið en hún gengur úr stjórn eftir 2ja ára setu.

Veitt voru verðlaun fyrir innanfélagsmótaröðina, í karlaflokki hlutu verðlaun Steindór Gestsson, Magnús Sigurður Jónasson og Auðunn Sigurðsson. Í kvennaflokki hlutu verðlaun Elaine McCroirie, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir og Ásta Ásgeirsdóttir.

Næst voru veitt heiðursmerki félagsins en þau hlutu: Helgi Hannesson, Sigurður Þráinsson, Jón Eggertsson, Morten Ottesen, Hulda Bergrós Stefánsdóttir, Sigrún Guðný Arndal, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, Rakel Árnadóttir, Þuríður Gísladóttir, Ævar Már Axelsson og Sigurjón Skúlason.

Að lokum var komið að liðnum; Önnur mál.

Fyrst/ur tók til máls Hjörtur ?

Fundarstjóri spurði gesti um viðhorf til 12 eða 18, mikill hluti fundargesta vildi fá 12 brautir og færri 9 brautir, enginn vildi 18 holur.

Þórhallur gerði grein fyrir framkvæmdum á brautum.

Össur kom með ábendingu til stjórnar að taka þátt í útboði.

Þuríður Gísladóttir spurði út í samning við ríkið, formaður svaraði að hann rennur út 2031 og er verið að sækjast eftir viðræðum við ríkið um framhald á honum.

Sigrún kom með fyrirspurn um íbúðarhúsnæðið, Sveinn svaraði til að við reiknum ekki með leigutekjum eða viðhaldi á minni íbúð í íbúðarhúsnæði

Elías Óskarson, Öryggismál, teigur á 6. og 2. Öryggishlífar, Öryggismyndavél á 2. Braut.

Veitingamál, hafa samband við veitingafólk þegar ákveðið er að breyta eldhúsi.

Fundi slitið klukkan 22:06

46 meðlimir sóttu fundinn að þessu sinni.